

Skilmálar um notkun Netbanka

Kvíka banki hf. – Janúar 2016

Þjónusta

- 1.1. Netbanki Kvíku banka hf. (*hér eftir nefndur „Kvíka“ eða „bankinn“*) veitir aðgang að fjölþættri fjármálaþjónustu á internetinu og notandi nýtur þeirrar þjónustu sem Netbankinn býður upp á hverju sinni. Þessir skilmálar gilda um notkun Netbankans og þá þjónustu sem er veitt í gegnum hann. Til viðbótar gilda um notkun Netbankans almennir skilmálar vegna viðskipta við Kvíku, en að auki geta aðrir sérskilmálar og samningsákvæði gilt um einstaka þjónustuþætti sem veittir eru í gegnum Netbanka.
- 1.2. Kvíka áskilur sér allan rétt til að:
 - a) ákvarða einhliða þá þjónustu sem Netbankinn veitir á hverjum tíma og auka hana eða minnka, og
 - b) rjúfa aðgang að upplýsingum fyrirvaralaust og án tilkynningar, ef þörf krefur vegna uppfærslu skráa, breytinga kerfis o.þ.h.
- 1.3. Kvíka mun þó leitast við að tilkynna notanda um aðgangsrof fyrirfram með tilkynningu sem sjáanleg verður í skjámynd Netbankans.

2. Öryggi við notkun

- 2.1. Kvíka lætur notanda í té notandanafn og lykilorð til innskráningar í Netbankann og eftir atvikum auðkennislykil. Þá velur notandi sér leyninúmer við fyrstu innskráningu í Netbankann, sem m.a. er notað til staðfestingar á fjárhagslegum færslum.
- 2.2. Til þess að fyllsta öryggis sé gætt er nauðsynlegt að notandi breyti úthlutuðu lykilorði við fyrstu innskráningu í Netbankann og ber notandi ábyrgð á því að slíkt sé gert án tafar eftir að notandi hefur opnað fyrir aðgang að Netbankanum í fyrsta sinn. Notandi skal halda öllum öryggisupplýsingum er varða aðgang hans að Netbankanum leyndum og ber hann ábyrgð á því að slíkar öryggisupplýsingar berist ekki í hendur óviðkomandi aðila eða séu aðgengilegar öðrum.
- 2.3. Notandi ber ábyrgð á öllum aðgerðum sem framkvæmdar eru í Netbanka með notandanöfnum, lykilorðum, rafrænum skilríkjum og leyninúmerum hans, þ. á m. eru allar fjárhagslegar færslur alfarið á ábyrgð notanda. Verði notandi þess áskynja að óviðkomandi hafi fengið vitneskju um notandanafn hans, lykilorð eða leyninúmer skal notandi tafarlaust tilkynna slíkt til Kvíku og breyta lykilorði sínu og leyninúmeri.
- 2.4. Óski notandi þess getur hann fengið fleiri en eitt notandanafn og lykilorð með misvíðtækum aðgangsheimildum. Notandi getur veitt umboðsmönnum á reikningum aðgang að viðkomandi reikningum í gegnum Netbankann til að framkvæma fjárhagslegar færslur. Notandi ber sjálfur áhættu af allri notkun og færslum þeirra aðila sem hann veitir slíkan aðgang að Netbanka sínum.

- 2.5. Kvika áskilur sér rétt til að breyta öryggiskröfum sínum vegna Netbanka án fyrirvara. Notandi samþykkir að hlíta öryggiskröfum bankans á hverjum tíma.

3. Skriflegt og rafrænt samþykki

- 3.1. Með samþykki skilmála þessara samþykkir notandi að staðfesting aðgerða í Netbankanum í samræmi við öryggiskröfur bankans á hverjum tíma jafngildi skriflegu samþykki notanda gagnvart Kviku, þ.m.t. fyrir öllum aðgerðum er varða fjármálaþjónustu og framkvæmdar verða í Netbankanum samkvæmt samningi notanda við Kviku og öðrum sérskilmálum eða samningsákvæðum aðila á milli. Notandi getur með staðfestingu aðgerða í samræmi við 1. mgr. 2. gr. skilmála þessara samþykkt eða sótt um viðbótarþjónustu í Netbankanum og jafngildir slík staðfesting ótvíræðu samþykki hans. Til viðbótarþjónustu telst meðal annars útfylling MiFID eyðublaðs og samþykki viðskiptaskilmála vegna verðbréfavíðskipta.

4. Tenging við Netbanka Kviku

- 4.1. Notandi leggur sjálfur til endabúnað og tengingu við internetið og þann hugbúnað, sem nauðsynlegur er til tengingar við Netbankann. Notandi ber sjálfur fulla ábyrgð á þeirri aðferð og þeim búnaði sem hann kys að nota til viðskipta í Netbankanum, þar á meðal að nota ávallt þá útgáfu af vafra (e. browser) og stýrikerfi sem studdur er af framleiðanda hverju sinni. Notanda ber að kynna sér almennar leiðbeiningar og lágmarksviðmið viðkomandi framleiðanda um tölvuöryggi og vírusvarnir á hverjum tíma.
- 4.2. Verði notandi var við villu eða galla við notkun á Netbankanum skal hann gera Kviku viðvart án tafar.

5. Framkvæmd fyrirmæla

- 5.1. Fyrirmæli um aðgerðir sem berast Kviku í gegnum Netbanka kunna að verða framkvæmd næsta bankadag á eftir og ber notandi sjálfur ábyrgð á slíkum tögum.
- 5.2. Notanda er jafnframt ljóst að upplýsingar um viðskipti hans kunna að verða óaðgengilegar tímabundið vegna álags á viðkomandi tölvu- og viðskiptakerfi.
- 5.3. Ef notandi sendir Netbanka beiðni um gjaldeyriskaup eða önnur gjaldeyrisviðskipti þá skuldbindur notandi sig til að hlíta í einu og öllu ákvæðum laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum, svo og reglum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.
- 5.4. Notandi skal tryggja að viðskipti hans í Netbankanum tengist á engan hátt peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, sbr. lög nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

6. Leiðréttingar

- 6.1. Notandi skuldbindur sig til þess að fylgjast vel með stöðu reikninga sinna og eignasafna ásamt öllum millifærslum og öðrum fjármálafærslum sem þar eru framkvæmdar og skal gera Kviku samstundis viðvart verði hann þess var að mistök hafi átt sér stað. Kvika mun leitast við að aðstoða við

leiðréttingar á villum sem notandi gerir, en ber ekki á þeim ábyrgð. Kvika hefur jafnframt einhliða heimild til að bakfæra færslur þegar mistök verða.

- 6.2. Athygli er vakin á því að vegna ólíkra uppgjörsreglna, uppgjörstíma, fjármálagerninga og stöðu viðskiptamanna, s.s. vegna skortsölu og vaxtagreiðslna, kunna upplýsingar um stöðu og hreyfingar ekki að vera skráðar í Netbankann innan viðskiptadags. Þannig kunna upplýsingar sem birtast í Netbanka á hverjum tíma að vera ónákvæmar og ber Kvika ekki ábyrgð á tjóni notanda sem rekja má til þessa. Notanda er bent á að hafa samband við bankann til að fullvissa sig um að yfirlit séu uppfærð miðað við nýjustu hreyfingar.

7. Þóknun og skuldfærsla

- 7.1. Notandi greiðir fyrir þjónustu, t.d. ef send er kvittun, skv. verðskrá Kviku eins og hún er hverju sinni með skuldfærslu af skuldfærslureikningi, sbr. 12. gr. skilmála þessara.

8. Breytingar á skilmálum

- 8.1. Kvika áskilur sér rétt til þess að fella þessa skilmála úr gildi, bæta við þá eða breyta hvenær sem er. Slíkar breytingar taka þegar gildi við birtingu nýrra eða breyttra skilmála á vefsvæði Kviku eða í Netbanka.

9. Fyrirvarar og ábyrgð

- 9.1. Kvika ber ekki ábyrgð á því tjóni sem kann að orsakast beint eða óbeint vegna galla eða bilunar í endabúnaði, tengingu við internetið, þeim hugbúnaði sem nauðsynlegur er til tengingar við Netbankann, vafra (e. browser) eða stýrikerfi notanda eða bankans, eða af öðrum þeim orsökum sem kunna að valda því að færslur í Netbankanum geta ekki farið fram eða verða með öðrum hætti en til var ætlast s.s. vegna tæknibilana eða truflana í rekstri tölvu- og/eða viðskiptakerfa.
- 9.2. Kvika ber ekki ábyrgð á tjóni sem hlýst af vanþekkingu, misskilningi eða misnotkun notanda eða annars aðila með eða án umboðs notanda.
- 9.3. Kvika ber ekki ábyrgð á tjóni sem hlotist getur af röngum færslum notanda eða annars aðila. Kvika ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til utanaðkomandi atvika t.d. bilana, rangra utanaðkomandi upplýsinga o.þ.h. Ennfremur ber Kvika ekki ábyrgð á tjóni ef rekja má tjónið til atvika sem stafa af náttúruhamförum, styrjöldum, verkföllum eða vegna atriða sem talin verða falla undir óviðráðanleg tilvik (force majeure). Jafnframt ber bankinn ekki ábyrgð á tjóni sem stafar af atburðum sem eru stjórn málalegs, félagslegs, fjármálalegs eða efnahagslegs eðlis og eru líkleg til að koma í veg fyrir, rjúfa eða trufla að hluta eða öllu leyti þá þjónustu er bankinn veitir, jafnvel þó slík atvik flokkist ekki undir óviðráðanleg atvik.
- 9.4. Upplýsingar sem birtar eru í Netbanka kunna að vera rangar og ber Kvika ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til þessa.
- 9.5. Kvika ber aðeins ábyrgð á tjóni viðskiptamanns ef rekja má tjónið til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis starfsmanna bankans.

10. Trúnaður

10.1. Með aðgangi sínum að Netbankanum og viðskiptum við Kviku verða bankanum aðgengilegar persónuupplýsingar um notanda. Samkvæmt ákvæðum laga er Kvika, starfsmenn bankans og hverjir þeir sem taka að sér verk fyrir hann bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa sinna og varða einkamálefni viðskiptavina, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum.

11. Uppsögn, vanefndir o.fl.

11.1. Kvika getur sagt upp samningi við notanda með tilkynningu í Netbanka, tilkynningu á uppgefið tölvupóstfang notanda eða skriflegri tilkynningu á heimilisfang skv. þjóðskrá.

11.2. Verði notandi uppvís að misnotkun, tilraun til misnotkunar á upplýsingum eða tengingum sem Netbankinn býður upp á eða brjóti skilmála þessa, eða aðra viðskiptaskilmála bankans, með öðrum hætti, er Kviku heimilt að rjúfa aðgang notandans fyrirvaralaust og án tilkynningar. Slík misnotkun varðar við lög. Sama gildir leiti notandi nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða annarra sambærilegra réttaráræða, gert er árangurslaust fjárnám hjá notanda, beðið er um uppboð á eignum hans, krafist er gjaldþrotaskipta á búi hans eða aðrar sambærilegar ástæður koma upp sem að mati Kviku gefa til kynna slæma fjárhagsstöðu notanda.

11.3. Kviku er heimilt að loka fyrir aðgang notanda án tilkynningar ef aðgangur notanda að Netbankanum er óvirkur samfelld í 6 mánuði.

12. Skuldfærsla þjónustugjalda

12.1. Með því að samþykkja skilmála þessa rafrænt heimilar notandi Kviku að gjaldfæra kostnað sem til fellur vegna notkunar á Netbankanum á viðskiptareikning notanda í bankanum.

13. Önnur ákvæði

13.1. Um skilmála þessa gilda íslensk lög. Rísi mál vegna túlkunar þeirra eða framkvæmdar á grundvelli þeirra má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

13.2. Komi upp ágreiningur á milli notanda og Kviku um notkun Netbankans eða einstaka þætti í framkvæmd skilmála þessarar er notanda unnt að skjóta ágreiningi til Úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sbr. nánar í almennum skilmálum vegna viðskipta við Kviku.

Notanda er bent á að lesa ákvæði ofangreindra skilmála vel áður en hann samþykkir þá rafrænt og leita skýringa hjá starfsmönnum Kviku telji hann einhver ákvæði þeirra óskýr.

Með því að merkja í boxið „Ég hef lesið skilmála um notkun Netbanka Kviku og samþykki þá“ lýsir notandi því yfir að hann hafi kynnt sér skilmála Netbankans, samþykki þá að öllu leyti og skuldbindi sig til að nota aðgang sinn í samræmi við þá og hlíta þeim að öllu leyti.

Frekari upplýsingar um bankann má nálgast á heimasíðu hans, www.kvika.is.